


Gerast áskrifandi eða vakta mál

Til að gerast áskrifandi að málum í gáttinni er farið í **Valmynd** (efst til hægri) og þaðan í **Áskriftir**. Þar er hægt að velja **+ Ný áskrift** og velja hvernig áskrift skuli háttað.

Hægt er að gerast áskrifandi að málum út frá tegund (þ.e. hvers konar ferli um ræðir), sveitarfélögum, póstnúmerum og viðfangsefnum. Einnig er hægt að gerast áskrifandi út frá afmarkaðri staðsetningu mála sem teiknuð er á kort. Þá er  hnappurinn (velja staðsetningu á korti) valinn og sú staðsetning sem ætlunin er að fá tilkynningu um teiknuð inn á kortasjána. Þegar því er lokið þarf að vista teikningu og áskrift.

Skrá nýja áskriftarleið

Ferlar Sveitarfélög Póstnúmer Viðfangsefni

Vakta stofnun allra mála

Tegund mála

- Svæðisskipulag
- Aðalskipulag
- Deiliskipulag
- Strandsvæðisskipulag
- Mat á umhverfisáhrifum
- Framkvæmdaleyfi
- Byggingarleyfi

Vista

Þegar mál er stofnað í gáttinni og fellur innan valinna áskriftarleiða er tilkynning send í tölvupósti þess efnis. Hægt er að vista eins margar áskriftir og áhugi er fyrir.


Dæmi um áskriftarleið

Ef ætlunin er að gerast áskrifandi að málum í gáttinni skv. skilyrðunum; ný deiliskipulagsmál í póstnúmeri 108 sem varða íbúðarbyggð, myndi eftirfarandi áskriftarleið vera valin:

Tegund mála	Sveitarfélög	Póstnúmer	Efnisorð	Kort
 NÝTT DEILISKIPULAG		 108	 IBÚÐARBYGGÐ	

Hér ætti ekki við að velja sveitarfélagið Reykjavík, því þá berast tilkynningar um öll mál sveitarfélagsins sem uppfylla skilyrðin „nýtt deiliskipulag“ og varða „íbúðarbyggð“, en ekki eingöngu mál sem falla innan póstnúmersins 108.

Vakta mál

Auk áskrifta er hægt að fylgjast með einstaka málum og vakta framgang þeirra. Velja þarf það mál sem ætlunin er að fylgjast með og smella á  hnappinn (vakta mál). Í hvert sinn sem málið er uppfært berst notanda tilkynning þess efnis, m.a. um hreyfingar á málinu, þegar opnað er fyrir athugasemdir og þegar málinu lýkur endanlega. Þeir sem vakta mál fá þó ekki tilkynningar þegar nýjar athugasemdir eru settar fram um málið.

